

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 29. janúar 2019 í máli nr. E-1296/2018:

Heflun ehf.

(Ólafur Kjartansson lögmaður)

gegn

Landsbankanum hf.

(Hannes Júlíus Hafstein lögmaður)

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. janúar 2019, er höfðað 17. apríl 2018 og þingfest 24. sama mánaðar. Stefnandi er Heflun ehf., Lyngholti, Ásahreppi. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að:

1. Viðurkennt verði með dómi að lánsamningar SFL 018341, dags. 16. apríl 2007, og SFL 018421, dags. 20. september 2007, feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu.
2. Stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 82.826.220 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. janúar 2015 til 28. desember 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
3. Stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 180.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. janúar 2015 til birtingar stefnu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.
4. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins.

Stefndi hefur skilað greinargerð samkvæmt 6. másl. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 78/2015, og aðallega krafist þess að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Einnig krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins og að tekið verði tillit til virðisaukaskatts vegna málflytningaþóknunar.

Í byrjun júní 2018 var máli þessu úthlutað til annars dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Með úrskurði þess dómara uppkveðnum 5. nóvember 2018 var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað og nýtti dómari sýknað samkvæmt 3.

mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 78/2015, með því að færa fram munnleg rök fyrir þeirri niðurstöðu. Í sama þinghaldi óskaði stefnandi eftir sameiningu málsins við mál nr. E-1819/2017 sem rekið er milli sömu aðila en með gagnstæðri aðilastöðu. Með ákvörðun dómstjóra 12. nóvember 2018 var máli nr. E-1296/2018 endurúthlutað til þess dómara sem kveður upp úrskurð þennan en hann hafði ekki komið að málinu áður. Hann hafði hins vegar verið með mál nr. E-1819/2017 til meðferðar frá og með 10. janúar 2018. Í þinghaldi 11. desember 2018, sem var fyrsta þinghald vegna máls nr. E-1296/2018 eftir endurúthlutun, færði dómari til bókar að hann teldi sig óbundinn af úrskurðinum frá 5. nóvember sama ár og nauðsynlegt væri að fara nánar yfir formhlið málsins með tilliti til hugsanlegrar frávísunar þess án kröfu að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991. Til nánari skýringar var tekið fram að það væri vegna mögulegra litis pendens áhrifa og vanreifunar af hálfu stefnanda.

Málflutningur um hvort vísa ætti málinu frá dómi án kröfu fór fram 17. janúar 2019. Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess að málið fari til lögmæltrar með ferðar og fái efnislega meðferð fyrir dómi, auk þess sem hann krefst málskostnaðar. Stefndi krefst frávísunar málsins og málskostnaðar. Málið var því næst tekið til úrskurðar.

II.

Málavextir:

Stefnandi er verktakafyrirtæki á sviði jarðvinnu og hefur meðal annars komið að lagningu og viðhaldi vega, snjómokstri o.fl. Á árunum 2006 og 2007 gerði stefnandi nokkra samninga við SP-Fjármögnun hf. um fjármögnun vegna kaupa á tækjum og vélum til notkunar í starfsemi fyrirtækisins. SP-Fjármögnun hf. sameinaðist stefnda 6. október 2011. Sakarefni máls þessa lýtur að ágreiningi vegna þrettán þessara samninga. Fjármögnunin var í formi fjármögnunarleigusamninga en að sögn stefnanda hefur stefndi fallist á að allir samningarnir hafi í raun verið lánsamningar. Telur stefnandi að allir samningarnir hafi verið ólöglegt lán með gengistryggingu en stefndi hefur hafnað því að endurreikna tvo af hinum þrettán samningum, nánar tiltekið þá samninga sem hafi auðkennin SFL 018341 og SFL 018421, á þeim grundvelli að þeir samningar taki til lögmætra erlendra lána.

Við fall íslensku krónunnar sumarið 2008 og fall íslenska fjármálakerfisins um haustið sama ár hækkuðu afborganir af samningunum. Að sögn stefnanda reyndist honum ómögulegt að standa skil á umkröfðum afborgunum og vöxtum þar sem kröfur stefnda voru að mati stefnanda byggðar á röngum fjárhæðum á grundvelli lána sem stefndi vissi eða mátti vita að væru ólöglegt. Að sögn stefnanda gerði hann sitt ýtrasta til að ná samkomulagi við stefnda um uppgjör svo félagið hefði

rekstrargrundvöll. Að hans sögn bar það ekki árangur og voru fyrrgreind tæki og vélar sem voru andlög samninganna tekin úr vörslum hans fyrir atbeina stefnda. Stefndi leysti til sín tækin og sendi stefnanda í framhaldi yfirlýsingu um riftun og uppgjör á samningunum. Ágreiningur er uppi hjá aðilum um lögmati riftunarinnar og uppgjörið, þar með talið endurútreikninga lána. Þá hafa sáttaviðræður ekki gengið eftir að sögn stefnanda. Ágreiningur er um þá samninga sem stefndi hefur ekki viðurkennt sem ólögmet gengistryggð lán, auk ágreinings um hvernig staðið var að uppgjöri vegna þeirra tækja sem tekin voru úr vörslum stefnanda og meint tjón sem stefndi hefur valdið stefnanda með athöfnum sínum.

Með birtingu stefnu 15. maí 2017 höfðaði stefndi í þessu máli annað dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnanda í þessu máli og fyrirvarsmanni félagsins til innheimtu skuldar vegna tveggja nánar tilgreindra lánessamninga, dag settum 20. júní 2007. Það dómsmál hefur auðkennið E-1819/2017 og var þingfest 1. júní 2017. Stefnufjárhæðin í málinu er rúmar 69 milljónir króna ásamt dráttarvöxtum. Þar er málinu beint að fyrirvarsmanninum persónulega vegna sjálfskuldarábyrgðar að fjárhæð 7 milljónir króna, auk dráttarvaxta, vegna annars lánessamningsins, sem krafist er að hann greiði in solidum ásamt félaginu. Með greinargerð sem var lögð fram í þinghaldi 28. nóvember 2017 vegna máls nr. E-1819/2017 krefjast stefndu aðallega sýknu en til vara lækkunar á dómkröfum. Sýknukrafan af hálfu félagsins er fyrst og fremst reist á gagnkröfu um skuldajöfnuð án sjálfstæðs dóms, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Þar er því haldið fram að stefndi Heflun ehf. eigi kröfu til skuldajafnaðar á hendur stefnanda sem sé að minnsta kosti jafnhá kröfu stefnanda. Er í greinargerðinni jafnframt staðhæfing um að stefndi eigi hærri kröfu en dómkrafa stefnanda sé og er lýst yfir skuldajöfnuði við kröfu stefnanda að því marki sem þurfi miðað við uppgjörsdag samninga, eða til vara síðara tímamark, en jafnframt er áskilinn réttur af hálfu stefnda Heflunar ehf. til að sækja eftirstöðvar kröfunnar á hendur stefnanda í sérstöku dómsmáli.

Með II. dómkröfu í stefnu í máli þessu er gerð fjárkrafa til sjálfstæðs dóms fyrir gagnkröfu, sbr. til hliðsjónar fyrrgreindan áskilnað í greinargerð í máli nr. E-1819/2017. Einnig er með I. dómkröfu krafist viðurkenningar á því að tilteknir tveir lánessamningar séu bundnir ólögmetri gengistryggingu. Þessu til viðbótar er með III. dómkröfu gerð fjárkrafa vegna meints tjóns stefnanda af völdum stefnda vegna framangreindra innheimtuaðgerða.

III.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda samkvæmt stefnu:

Með I. dómkröfu krefst stefnandi viðurkenningar á því að tveir nánar tilgreindir lánessamningar, annars vegar með auðkennið SFL 018341, dagsettur 16. apríl 2007,

og hins vegar með auðkennið SFL 018421, dagsettur 20. september 2007, feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu. Um þessa dómkröfu er í stefnu tekið fram að ágreiningur aðila snúist um þrettán fjármögnunarleigusamninga sem stefnandi gerði við SP-Fjármögnun hf. Þar greinir að stefndi hafi viðurkennt að allir samningarnir séu lánessamningar sem færðir hafi verið í búning leigusamnings. Þá hafi stefndi jafnframt viðurkennt að ellefu hinna þrettán samninga feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu og hann hafi endurreiknað þá. Ágreiningur sé hins vegar uppi um aðferðafræði við endurreikning og uppgjör samninganna. Stefndi hafi hafnað því að tveir af hinum þrettán fyrrgreindu samningum feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu og lagt til grundvallar að þeir samningar væru erlent lán. Stefndi hafnar þessu og krefst viðurkenningar á því að umræddir tveir lánessamningar feli í sér lán með ólögmati gengistryggingu. Í málsástæðum og lagarökum stefnunnar eru færð fram frekari rök fyrir dómkröfunni. Er nánar gerð grein fyrir umræddum samningum, þar með talið auðkennum þeirra, tilteknum lykildagsetningum, fjárhæðum o.fl. Vísað er til 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 og fordæmisgilda ótilgreindra dóma Hæstaréttar Íslands. Þá byggir stefnandi á því að engum vafa sé undirorpið að samningarnir séu gengistryggðir samkvæmt efni sínu og er það nánar rökstutt með fimm meginröksemdum. Í fyrsta og öðru lagi út frá efni tiltekinnna samningsskilmála. Í þriðja lagi út frá tiltekinni túlkun á samningum sem hafi verið samdir einhliða af stefnda sem fjármálafyrirtækis en það lúti skyldum samkvæmt 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í fjórða lagi út frá orðalagi beggja samninganna um að skuldari efni skuldbindingu í íslenskum krónum. Í fimmta lagi út frá því að stefndi hafi ekki efnt samninga fyrir sitt leyti með útgreiðslu á tilteknum erlendum gjaldmiðli. Þá er nánar vikið að efnisatriðum beggja samninganna, meðal annars að efni annars þeirra samrýmist efni annarra samninga aðila sem stefndi hafi viðurkennt að feli í sér ólögmeta gengistryggingu. Þessu til viðbótar er tekið fram að stefndi hafi sent stefnanda bréf, uppgjör á fjármögnunarleigu samningi og þar hafi fjárhæðir eingöngu verið tilgreindar í íslenskum krónum og að gert væri ráð fyrir að skuldari efndi skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum í íslenskum krónum.

Með *II. dómkröfu* krefst stefnandi greiðslu frá stefnda að fjárhæð 82.826.220 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta. Um þessa dómkröfu er í stefnu tekið fram að ágreiningur sé uppi með aðilum um aðferðafræði við endurreikning og uppgjör samninga. Tæki hafi verið tekin úr vörslum stefnanda og honum verið sent uppgjör vegna samninganna. Stefndi byggir fjárkröfu sína á hendur stefnda á því að verðmöt stefnda á þeim tækjum sem voru andlög lánessamninganna hafi verið of lág og verðmæti eða andvirði tækjanna hafi ekki komið að fullu til frádráttar á eftir stöðvum á skuld stefnanda samkvæmt lánessamningunum. Stefndi byggir á því að

andvirði tækjanna hafi verið hærra en eftirstöðvar samninganna á vörslusviptingar- eða uppgjörstæði og stefnda beri að greiða stefnanda mismuninn þar á.

Með *III. dómkröfu* krefst stefnandi greiðslu frá stefnda að fjárhæð 180.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta. Til stuðnings þeirri dómkröfu byggir stefnandi á því að stefndi hafi valdið honum tjóni út af aðgerðum sem fólust í því að svipta stefnanda vörslum tækja sem notuð voru í rekstri hans. Með vörslusviptingu tækjanna, sem voru andlög samninganna, hafi stefnandi verið skilinn eftir án tækja og án möguleika til tekjuöflunar. Aðgerðir stefnda hafi valdið honum tjóni. Stefnandi reisir mál sitt á því að aðgerðir stefnda á grundvelli rangra fjárhæða, sem stefndi vissi eða mátti vita að voru rangar, hafi valdið honum verulegu tjóni í formi tapaðrar veltu, tapaðs hagnaðar, skertrar verkgetu, tapaðra verkefna, orðsporsmissis og útilokunar frá útboðsmarkaði á vegum hins opinbera.

Með málsástæðum og lagarökum eru *II. og III. dómkrafa* nánar rökstuddar í fjórum sameiginlegum liðum. *Í fyrsta lagi* er aðallega byggt á því að um sé að ræða kröfur um efndabætur. Nánari rökstuðningur fyrir efndabótum lýtur í meginatriðum að samningssambandi aðila uns því var rift af hálfu stefnda með ólögmætum hætti að mati stefnanda og tæki hafi í framhaldi verið tekin úr vörslum hans. Skilyrði riftunar hafi ekki verið fyrir hendi, stefndi hafi slitið gagnkvæmu samnings sambandi aðila án réttmætrar ástæðu og uppgjör aðila verði að taka mið af því að mati stefnanda. Til frekari rökstuðnings er vísað til þess að stefndi hafi ekki sinnt tillitsskyldu í gagnkvæmu samningssambandi aðila svo brotið hafi í bága við 19. gr. laga nr. 161/2002. Eru færð fyrir því frekari rök með vísan til atvika og málgagna. Þá er vikið nánar að hvorri dómkröfu fyrir sig og er tekið fram að fjárhæð *II. dómkröfu* miðist við enduröflunarverð þeirra tækja sem tekin voru úr vörslum stefnanda en verði ekki fallist á það viðmið þá sé gerð krafa um mismun á andvirði tækjanna og eftirstöðvum samninga. Hvað varðar fjárhæð *III. dómkröfu* er tekið fram að sú fjárhæð taki til tjóns á rekstri félagsins sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna vörslusviptingar tækja. Þá er nánar vikið að því hvernig það tjón hafi komið fram, meðal annars að stefnandi hafi verið án tækja og ekki getað sinnt verkefnum eða tekið að sér ný verkefni o.fl. Til viðbótar er tekið fram að stefnandi telji að stefndi geti ekki átt rétt til vaxta á lánsfjárhæðina eftir vörslusviptinguna þar sem stefndi hafi ekki efnt sinn hluta í samningi aðila.

Í öðru lagi er til vara byggt á því að stefndi hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að valda stefnanda tjóni með saknæmum hætti. Við mat á saknæmi verði að líta til þess að stefndi hafi brotið gegn 19. gr. laga nr. 161/2002. Til nánari röksemda er vísað til meintrar vitneskju stefnda um ólögmæti gengistryggingar og að hann hafi nýtt sér aðstæður til þess að taka til sín tæki stefnanda á undirvirði og selja áfram með hagnaði. Nánar er vikið að eðli samninganna og uppgjöri aðila en

stefnandi hafi valdið stefnda tjóni sem nemi raunverulegu markaðsvirði tækjanna að frádregnum eftirstöðvum samninganna. Til viðbótar er meðal annars vísað til þess að samningar aðila hafi haft að geyma ólögmetta gengistryggingu. Riftanir stefnda og vörslusviptingar tækja hafi byggt á fjárhæðum sem ekki hafi endurspeglad réttmæta kröfu stefnda. Einnig er vísað til þess að stefndi hafi samið samningsskilmálana einhliða og nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart stefnanda. Stefndi beri ábyrgð á framgöngu sinni gagnvart stefnanda, gengið hafi verið hart fram, málsmeðferð hafi verið flautursleg og hún tekið langan tíma og er það útskýrt nánar út frá meintum atvikum í samskiptum aðila. Tækin hafi síðan verið seld á undirvirði við óeðlilegar markaðsaðstæður vegna efnahagsástandsins hér á landi eftir fall bankanna á árinu 2008 og mikils framboðs vinnuvéla á þeim tíma o.fl. Þá hafi endanlegt verðmat stefnda í október 2014 verið gert einhliða og falið í sér lækun á fyrra verðmati, að ástæðulausu og án skýringa, stefnanda til tjóns, andstætt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 670/2013. Uppgjör aðila hafi einnig verið ófullnægjandi vegna kröfu stefnanda um greiðslu eftirstöðva virðisaukaskatts á leigugreiðslur sem ekki eigi við rök að styðjast.

Í *þriðja lagi* er til þrautavara byggt á því að víkja beri uppgjörsákvæði samninganna til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, og miða eigi uppgjör við verðmöt sem stefndi hafi aflað og endurspegli raunverulegt verðmæti tækjanna. Vísað er til þess að það sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samning aðila fyrir sig og víkja verði til hliðar ákvæðum hans að hluta. Verði þá litið til efnis samnings, stöðu samningsaðila og síðari atvika eins og áður greinir. Til nánari rökstuðnings er vikið að fjórum meginatriðum, nánar tiltekið að samningar hafi verið samdir einhliða af stefnanda og krafa um riftun og vörslusviptingu hafi verið byggð á fjárhæðum sem ekki hafi endurspeglad réttar fjárhæðir, aðstöðumunur hafi verið milli stefnanda og stefnda, riftun hafi verið ólögmet, og stefndi hafi átt þátt í því að skapa tilteknar markaðsaðstæður við endursölu tækja.

Í *fjórða lagi* er til þrautþrautavara byggt á því að uppgjör eigi að fara fram á grundvelli uppgjörsákvæða í samningum aðila. Í því sambandi eigi að byggja á verðmötum sem stefnandi hafi lagt fram eða niðurstöðum matsgerðar sem hann muni afla til stuðnings verðmötunum. Verði ekki fallist á það þá byggir stefnandi á því að miða eigi við verðmöt frá stefnda og er nánar gerð grein fyrir tölulegum forsendum í því sambandi.

Því næst er gerð grein fyrir sundurliðun á fjárkröfum og hvaða forsendur stefnandi leggi til grundvallar í því sambandi. Varðandi forsendur að baki *II. dómkröfu* þá er með almennum hætti gerð grein fyrir þeim meginatriðum sem stefnandi leggi til grundvallar í því sambandi. Er meðal annars tekið fram að krafan byggir á

verðmötum sem stefnandi hafi aflað sér á andvirði tækjanna á uppgjörstæði en jafn fram áskilinn réttur til að leggja fram matsgerð til sönnunar á kröfum stefnanda. Krafa sé í öllum tilvikum það tjón sem uppgjör stefnda hafi valdið honum, aðallega mismunur á raunverulegu verðmæti tækjanna fyrir stefnanda, en til vara markaðsverðmæti, miðað við eftirstöðvar samninga. Krafa stefnanda er að stefnda verði gert að greiða honum mismun á verðmæti tækja á uppgjörstæði að frádregnum eftirstöðvum samnings í samræmi við samning aðila. Byggt sé á nánar tilgreindu ákvæði samninganna um uppgjör en þar sé kveðið á um að andvirði leigumunar að frádregnum viðgerðarkostnaði og gjöldum og eftirstöðvum samnings eigi að renna til stefnanda. Því næst er með almennum hætti gerð grein fyrir forsendum uppgjörstæði og athugasemdum stefnanda. Einnig er vísað til dómafordæma Hæstaréttar um aðferðafræði við endurútreikning og nánar gerð grein fyrir því. Þessu til viðbótar eru gerðar athugasemdir vegna allra samninganna, nánar tiltekið að verðmöt stefnda byggja á óeðlilegum markaðsaðstæðum, stefndi hafi í fæstum tilvikum dregið frá samningi verðmæti samningsandlagsins samkvæmt eigin verðmæti, í flestum tilvikum sé verðmat við endurútreikning lægra en verðmat við uppgjör samnings og að reikniaðferð stefnda sé mótmælt varðandi frádrátt vegna ógreidds virðisaukaskatts. Þá er tekið fram að stefnandi muni leggja fram matsgerð í málinu til sönnunar um tjón sitt og að hann áskilji sér rétt til að breyta kröfu gerðinni til samræmis við niðurstöðu matsins. Einnig er nánar gerð grein fyrir hin um umræddu þrettán samningum og framangreindum forsendum stefnanda til grundvallar fjárkröfu hans, þar með talið endurútreikningum á lánum sem hann leggur til grundvallar, að því marki sem upplýsingar um eftirstöðvar liggja fyrir, og verðmötum stefnanda á tækjum andstætt verðmötum stefnda. Þessu til viðbótar er til skýringar gerð nánar grein fyrir sundurliðun dómkröfunnar, meðal annars í töfluforni, miðað við framangreindar forsendur.

Varðandi forsendur að baki *III. dómkröfu* þá tilgreinir stefnandi í megindráttum sömu atriði og áður voru tilgreind til stuðnings aðalkröfu um efnabætur hvað þennan þátt málsins varðar. Til viðbótar er tekið fram að tjónið sé tilkomið vegna tapaðra tekna og tapaðs hagnaðar. Krafa er síðan nánar sundurliðuð, í fyrsta lagi út frá tjóni við enduröflun fimmtán tækja og er tekið fram að færðar verði fram sönnur fyrir tjóninu með matsgerð sem tengist gagnaöflun vegna máls nr. E-1819/2017. Í annan stað taki tjón stefnanda til annarra þátta vegna röskunar á starfsemi félagsins út af missi á verkefnum og tekjum og töpuðum hagnaði o.fl. Fram kemur að stefnandi meti tjón sitt í því sambandi að minnsta kosti jafnhátt töpuðum hagnaði á árunum 2010–2016. Til frekari skýringar er annars vegar gerð grein fyrir meðaltali á hagnaði stefnanda miðað við árin 2007–2009, fyrir skatta og fjármagnsliði, og til samanburðar er tiltekið hver slíkur hagnaður hafi að meðaltali verið hjá honum

næstu sjö ár á eftir, 20102016. Tjón stefnanda nemi þeim mismun. Því til viðbótar byggir stefnandi á því að taka þurfi tillit til orðsporsmissis og tapaðra verkefna og útilokunar frá útboðsmarkaði á vegum hins opinbera vegna ólögðra vörslusviptinga og athafna stefnda. Að því virtu byggir stefnandi á því að tjónið nemi ekki lægri fjárhæð en 150 milljónum króna. Þá tekur stefnandi fram að hann sé enn að verða fyrir tjóni vegna athafna stefnda. Stefnandi vísar til þess að með stefnunni fylgi matsbeiðni sem sé ætlað að vera liður í frekari gagnaöflun af hans hálfu hans til að sýna fram á fyrrgreint tjón. Dómkrafan nemi því 180 milljónum króna en til vara sé byggt á því að dómurinn meti skaðabætur að álitum með hliðsjón af öllum atvikum. Þá er í lokin stuttlega vikið að vaxtakröfu og forsendum hennar.

Um lagarök að öðru leyti vísar stefnandi einkum til 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 og meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir. Því til viðbótar vísar stefnandi til reglna um skaðabætur innan samninga og efndabætur, til almennra reglna skaðabótaréttar, þar með talið sakarreglunnar, 36. gr. laga nr. 7/1936 og meginreglu samningaréttar um réttar efndir og túlkun samninga. Að lokum er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 varðandi málskostnað.

Sjónarmið stefnanda um formhlið málsins:

Stefnandi mótmælir því að dómari leggi til grundvallar að hann sé óbundinn af úrskurði fyrri dómara uppkveðnum 5. nóvember 2018 þar sem frávísunarkröfu stefnda hafi verið hafnað. Í því sambandi tekur stefnandi fram að hann telji að dómari sé bundinn af ákvörðun fyrri dómara í málinu, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991. Telur stefnandi að það leiði af gagnályktun frá fyrrgreindu ákvæði að dómari sé bundinn af úrskurðinum nema fram komi nýjar upplýsingar og það eigi einnig við um þann dómara sem tók við málinu eftir endurúthlutun þess. Engar nýjar upplýsingar hafi komið fram sem raski gildi úrskurðarins. Úrskurðurinn um að hafna frávísun hafi meðal annars verið reistur á því að gagnaöflun væri ekki lokið og því hefði stefnandi tækifæri til að afla frekari gagna, meðal annars matsgerðar vegna III. dómkröfu. Þá telur stefnandi að málsmeðferð dómara, með því að taka málið til nýrrar meðferðar varðandi hugsanlega frávísun, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991, gangi gegn lokamálslið 2. mgr. 99. gr. sömu laga og grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð, þar sem hann eigi rétt á skjótri málsmeðferð með sem minnstum málskostnaði. Stefnandi telur að dómari eigi að veita stefnda frest til að leggja fram greinargerð um efnishlið málsins og jafnframt að taka afstöðu til kröfu stefnanda um að málið verði sameinað máli nr. E-1819/2017.

Stefnandi hafnar því að 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 um litis pendens áhrif eigi við í málinu. Stefnandi vísar til þess að kröfuhugtakið sé hið sama í 4. mgr. 94 gr. og 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Með því hugtaki sé verið að vísa til dómkröfu en ekki kröfu í kröfuréttarlegum skilningi. Með ákvæðum sé verið að girða fyrir að mál sem hafi res judicata áhrif hvort á annað séu ekki til meðferðar á sama tíma. Með I. dómkröfu sé krafist viðurkenningar á ólögmati tveggja samninga en í máli nr. E-1819/2017 sé sama atriði teft fram sem málsástæðu og hafi að því virtu ekki sömu réttaráhrif og viðurkenningardómur í þessu máli. Stefnandi telur að dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/2014 hafi fordæmisgildi í þessu sambandi. Með II. dómkröfu sé krafist aðfararhæfs dóms fyrir gagnkröfu stefnanda en í máli nr. E-1819/2017 sé krafist viðurkenningar á því að heimilt sé að greiða kröfuna með skuldajöfnuði. Um sé að ræða skaðabótakröfu stefnanda til skuldajafnaðar gagnvart kröfu stefnda að því marki sem til þarf. Í greinargerð í máli nr. E-1819/2017 hafi verið gerður áskilnaður um að höfða sérstakt mál til innheimtu eftirstöðva. Dómkrafan sé gerð í samræmi við þann áskilnað. Stefnandi tekur fram að verði fallist á að litis pendens áhrif eigi við í máli þessu þá muni það jafnframt leiða til þess að efnisniðurstaða í máli nr. E-1819/2017 muni hafa res judicata áhrif á kröfuna. Að því virtu telur stefnandi, ef sú staða kemur upp, að honum muni verða ómögulegt að innheimta þann hluta kröfunnar sem standi út af. Hann verði þá sviptur varanlega rétti til að sækja kröfu umfram það sem hann geri í máli nr. E-1819/2017. Slík niðurstaða sé að hans mati ótæk og í andstöðu við grundvallarreglur um réttláta málsmeðferð. Stefnandi hafi ekki önnur tæk á því að innheimta kröfuna en að stefna til greiðslu og það geri hann með því að höfða þetta mál. Þá tekur stefnandi fram að mál sem fjalli um sama sakarefnið en ekki sömu dómkröfur falli ekki undir litis pendens, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr.: 115/2002, 138/2006, 180/2010 og 128/2014. Að mati stefnanda sé eðli legast að fjallað verði um kröfurnar í sama málinu. Ekkert standi því í vegi að gera fyrst kröfu um viðurkenningu á greiðslu með skuldajöfnuði í einu dómsmáli en höfða síðan sérstakt mál til að innheimta heildarkröfuna. Slíkt hafi viðgengist um langan tíma og löng venja sé fyrir því í dómaframkvæmd, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr.: 169/1994, 24/2000, 138/2006, 225/2016, 306/2017 og 495/2017. Að því virtu eigi að sameina málin og fjalla um kröfurnar í einu lagi, það er bæði kröfu til skuldajafnaðar og kröfu um sjálfstæðan dóm.

Stefnandi mótmælir því að málatilbúnaður hans sé vanreifaður. Hann telur að framsetning á dómkröfum í stefnu samrýmist áskilnaði um framsetningu slíkra krafna samkvæmt réttarfarslögum. Þær séu settar fram með aðgreindum hætti til að auka skýrleika þeirra. Í því sambandi bendir stefnandi á að II. dómkrafa varði kröfu um skuldajöfnuð að því marki sem til þurfi, sbr. áskilnað í greinargerð í máli nr. E-

1819/2017. Þá sé töluleg sundurliðun á fjárkröfum ítarleg. Stefnanda eigi að vera ljóst hverjar kröfurnar séu, hvernig þær séu tilkomnar og hvernig stefnandi ætli að rök styðja þær. Hvað varðar II. dómkröfu þá vísar stefnandi til þess að í stefnu komi fram almennar forsendur fyrir endurútreikningi sem byggir á dómafordæmum Hæsta réttar. Við hvern samning sé gerð ítarleg grein fyrir útreikningum, nánar tiltekið verðmötum stefnanda vegna véla og tækja, eftirstöðvum samninga á uppgjörstigi samkvæmt hans útreikningum en mismunurinn á þessu tvennu liggir til grundvallar fjárkröfu. Jafnframt vísar stefnandi til þess að ágreiningur um aðferðafræði við verðmat taki til efnishliðar en ekki formhliðar máls. Þessu til viðbótar vísar stefnandi til þess að matsgerð dómkvaddis matsmanns hafi verið lögð fram til stuðnings verðmötum á vélum og tækjum.

Hvað varðar III. dómkröfu þá vísar stefnandi til þess að krafan sé skýrlega sett fram en þar liggir hins vegar ekki fyrir endanleg fjárhæð. Hluti dómkröfunnar taki til kostnaðar sem stefnandi muni bera vegna enduröflunar tækja en í því sambandi liggir fyrir matsgerð sem taki til þess þáttar kröfunnar. Þá sé hluti dómkröfunnar út af hagnaðar- og orðsporsmissi o.fl. en krafan byggir á því að stefndi hafi með háttsemi sinni svipt hann nauðsynlegum vélum og tækjum, haldið fram allt of háum fjárkröfum gagnvart honum, sem ekki hafi átt rétt á sér, og í raun hafi fótunum verið kippt undan rekstri fyrirtækisins. Gögn hafi verið lögð fram til stuðnings þeim hluta dómkröfunnar, meðal annars varðandi opinbera umfjöllun um stefnanda, bréf um að hætt hafi verið við að ganga til samninga við hann o.fl., sbr. dómskjöl 17–18 og 20–22. Þá hafi stefnandi í þinghaldi 19. janúar sl. lagt fram ársreikninga félagsins til nokkurra ára. Þessu til viðbótar áréttar stefnandi að gagnaöflun hafi ekki verið lýst lokið og að hann hafi lagt fram matsbeiðni sem fylgt hafi stefnu. Matsbeiðnin gangi út á það að renna frekari stoðum undir dómkröfuna. Stefnandi byggir á því að stefndi geti með því að kynna sér matsbeiðnina áttað sig enn frekar á málatilbúnaði hans og eigi því að geta tekið til varna. Þá byggir stefnandi á því að það sé meginregla að matsgerðar sé aflað eftir að mál hafi verið höfðað. Stefnandi vísar til þess að mörg dæmi séu um það að Hæstiréttur hafi hafnað frávísun máls frá héraðsdómi vegna vanreifunar á þeim grundvelli að gagnaöflun hafi ekki verið lýst lokið, sbr. til dæmis Hæstaréttardóm í máli nr. 657/2016. Þá sé ágreiningur um umfang tjónsins efnislegur ágreiningur en ekki ágreiningur um form. Hið sama eigi við um ágreining um vexti.

Sjónarmið stefnda um formhlið málsins:

Stefndi telur að vísa eigi málinu frá dómi vegna annmarka á formhlið þess og ítrekar kröfu sína um frávísun málsins. Stefnandi vísar til röksemda sem fram koma í greinargerð hans sem var lögð fram í þinghaldi 22. maí 2018. Stefnandi hafnar öllum

kröfum og málsástæðum stefnanda. Stefndi telur aðallega að vísa eigi I. og II. dómkröfu í stefnu frá dómi þar sem 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 eigi við í málinu. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi í máli nr. E-1819/2017, þar sem uppi er gagnstæð réttarstaða, haft uppi gagnkröfu um skuldajöfnuð án sjálfstæðs dóms, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, til stuðnings dómkröfum í því máli. Gagnkraftan byggir á sömu kröfuliðum og liggja til grundvallar I. og II. dómkröfu í stefnu í þessu máli. Að því virtu sé ljóst, ef málinu verður ekki vísað frá dómi, að verið sé að fjalla um sömu kröfur og sömu efnisatriði í tveimur dómsmálum fyrir sama dómstól á sama tíma. Grundvöllur I. og II. dómkröfu í stefnu sé hinn sami og þá séu þær báðar grundvöllur skuldajafnaðar sem liggja til grundvallar dómkröfu stefnda um sýknu í máli nr. E-1819/2017. Gagnkrafta stefnanda í kröfuréttarlegri merkingu sé hin sama í báðum málunum og því séu dómkröfurnar í reynd hinar sömu. Sömu efnisatriði komi fram í stefnu í máli þessu og greinargerð í máli nr. E-1819/2017. Þá sé sérstaklega vísað til greinargerðarinnar í stefnu. Stefndi telur ljóst að dómari muni þurfa að taka afstöðu til sömu atriða í báðum málunum, þar með talið sönnunaratriða. Þegar af þeirri ástæðu telur stefndi að vísa beri málinu frá dómi vegna litis pendens áhrifa hins fyrra máls.

Þessu til viðbótar bendir stefndi á að stefnandi hafi, eins og áður greinir, í máli nr. E-1819/2017 valið það að gera fyrrgreinda gagnkröfu um skuldajöfnuð án sjálfstæðs dóms til stuðnings dómkröfu um sýknu í stað þess að gagnstefna innan lögbundins tímafrests, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Að því virtu sé stefnandi bundinn af þeirri málsmeðferð. Stefndi telur að stefnandi geti ekki vikið sér undan þessu með því að höfða annað samhliða mál á hendur sama aðila um sömu kröfu að liðnum fresti til að höfða gagnsök og ætlast síðan til þess að málin verði sameinuð fyrir dómi. Verði það niðurstaðan þá séu ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 í raun þarflaus. Þá telur stefndi að áskilnaður í greinargerð um að mál verði höfðað síðar hafi ekkert gildi í þessu sambandi. Það viki ekki til hliðar skýrum réttarfarsreglum sem gildi um málsmeðferð fyrir dómi varðandi gagnsök til sjálfstæðs dóms.

Stefndi vísar einnig til meginreglu einkamálaréttarfars um skýrleika stefnu. Telur hann að stefnan uppfylli ekki þau viðmið. Hún sé bæði óljós og ruglingsleg varðandi grundvöll dómkraftna og málsástæðna og innbyrðis samhengi þeirra. Stefndi bendir á að kröfugerð í stefnu sé ekki í samræmi við meginreglur og venjur þar um þar sem ekki sé krafist heildarfjárhæðar heldur sé krafist tveggja aðskilinna fjárhæða sem þó séu vaxtareiknaðar með sama hætti. Stefndi telur að kröfugerðin uppfylli engan veginn áskilnað um að hún þurfi að vera ákveðin og ljós svo unnt sé að taka hana óbreytta upp sem ályktunarorð í dómsniðurstöðu.

Stefndi telur að skýringar stefnanda á kröfum, málsatvikum og málsástæðum séu ófullnægjandi og útreikningar séu að miklu leyti óskiljanlegir og erfitt að sannreyna þá. Þá telur stefndi að aðferð stefnanda sé óskiljanleg sem gangi út á það að miða við verðmat nýs tækis og afskrifa það síðan í samræmi við skattareglur. Að mati stefnda hafi sú nálgun engin tengsl við raunverulegt markaðsvirði tækjanna. Einnig sé ýmsum málsástæðum haldið fram í stefnu án þess að gerð sé grein fyrir því hvernig þær hafi mismunandi áhrif á kröfufjárhæð í málinu. Stefndi telur að fjárkröfur séu vanreifaðar og að tölulegar forsendur að baki þeim eigi ekki við rök að styðjast eða séu tilbúnar og eigi það einkum við um III. dómkröfu. Stefndi gerir einnig athugasemdir við vaxtakröfu sem gangi gegn 6. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Þar sé kveðið á um að ekki sé unnt að krefjast vaxta fyrir en þrjátíu dögum eftir að lántaki hafi lagt fram útreikning og kröfugerð ásamt því að skora á viðkomandi að greiða. Stefndi vísar til þess að málatilbúnaður stefnanda sé þannig úr garði gerður að hann gangi gegn meginreglum einkamálaréttarfars og fyrirmælum samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Málatilbúnaðurinn gangi einnig gegn g-lið 1. mgr. sömu lagagreinar þar sem gagnaframlagningu sé verulega áfátt og óskýrt sé hvaða gagna muni verða aflað. Þá telur stefndi að matsbeiðni sem fylgi stefnu hafi ekki þýðingu í þessu sambandi eða bæti ekki úr framangreindum annmörkum eins og málið er vaxið.

Stefndi telur að framangreindir annmarkar bitni verulega á tækifærum hans til að taka til varna í málinu. Annmarkarnir séu í heild verulegir og ómögulegt sé að taka til varna með fullnægjandi hætti. Að því virtu gangi málatilbúnaður stefnanda gegn ákvæðum 1. mgr. 80. gr. og 95. gr. laga nr. 91/1991 sem miði að því að tryggja að ljóst sé þegar á frumstigi máls með hvaða röksemdum og í meginatriðum á hvaða gögnum stefnandi ætli að styðja kröfur sínar. Úr þessu verði ekki bætt á síðari stigum máls. Þá hafi ákvæði laganna um efni stefnu ekki síst þann tilgang að tryggja stefnda rétt til að kynna sér málatilbúnað stefnanda í því skyni að hann eigi sanngjarnan kost á því að verjast kröfum hans að því er varði alla þætti málsins.

Um lagarök að öðru leyti vísar stefndi til fyrrgreindra ákvæða í lögum nr. 91/1991, auk 1. mgr. 130. gr. þeirra laga varðandi málskostnað. Þá vísar stefndi til laga nr. 50/1988 að því er varðar virðisaukaskatt á málflutningsþóknun og tekur fram að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur samkvæmt þeim lögum og taka verði tillit til þess.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að annar dómari sem var með málið til meðferðar á fyrri stigum þess kvað upp úrskurð 5. nóvember 2018 á grundvelli 3. mgr. 100. gr.

laga nr. 91/1991 þar sem hafnað var kröfu stefnda um frávisun málsins. Viðkomandi dómari kaus að víkja frá meginreglu um skriflegan úrskurð, sbr. 1. máls. 3. mgr. 112. gr. sömu laga, en nýta sér þess í stað undantekningarheimild samkvæmt 3. máls. sömu málsgreinar, sbr. 8. gr. laga nr. 78/2015, og færa fram munnlegar röksemdir fyrir niðurstöðunni. Eftir að dómstjóri endurúthlutaði málinu, í framhaldi af uppkvaðningu úrskurðarins, þá bar þeim dómara sem tók við málinu að taka til athugunar hvort gallar kynnu að vera á því, sbr. 1. máls. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991. Skylda dómara í þessum efnunum er ófrávíkjanleg. Ákvæði 3. mgr. sömu lagagreinar bindur ekki hendur dómara í þessu sambandi enda á ákvæðið við um 2. mgr. 100. gr. laganna samkvæmt orðanna hljóðan. Þá hefur dómari farið með málið á grundvelli 1. mgr. sömu lagagreinar frá því hann tók við því. Þessu til viðbótar liggur fyrir að dómari hefur samkvæmt 5. mgr. 112. gr. sömu laga almennt heimild til að breyta úrskurði sem felur ekki í sér lokaniðurstöðu máls. Enn fremur ber að líta til þess að dómara eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð á grundvelli laga, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Þá hafa ekki átt sér stað sérstakar tafir á meðferð málsins frá því dómari tók við því eftir endurúthlutunina. Að mati dómsins hefur stefnandi ekki fært fram haldbær rök fyrir því að framangreind málsmeðferð og skyldur dómara gangi gegn grundvallar reglum um réttláta málsmeðferð eins og hér stendur á. Verður því ekki fallist á með stefnanda að dómari hafi ekki á þessu stigi heimild til að fara með mál þetta á grundvelli 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 né heldur að hann sé bundinn af úrskurðinum frá 5. nóvember 2018. Af þessu leiðir einnig að dómari tekur ekki afstöðu til beiðni stefnanda um sameiningu málsins við mál nr. E-1819/2017 né heldur veitir hann stefnda frest til að skila greinargerð um efnishlið þessa máls fyrir en leyst hefur verið úr því hvort efni séu til að vísa málinu frá dómi án kröfu að hluta eða öllu leyti.

Fjárfrafa stefnanda samkvæmt II. dómkröfu í stefnu í máli þessu, 82.826.220 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, er reist á sama kröfuréttarlega grunni og dómkrafa hans um sýknu í máli nr. E-1819/2017. Í hinu síðarnefnda máli liggur annars vegar til grundvallar gagnkrafa til skuldajöfnuðar að fjárhæð 83.032.222 krónur og hins vegar að fjárhæð 69.481.346 krónur eftir því við hvaða verðmat er miðað. Fyrir liggur að I. og II. dómkrafa samkvæmt stefnu í máli þessu standa í nánnum tengslum hvor við aðra. Í raun virðist I. dómkrafa og málsástæður og lagarök henni til stuðnings, sbr. bls. 3–4 í stefnu, allt eins geta birst í stefnunni sem hluti af öðrum málsástæðum og lagarökum vegna II. dómkröfu, sbr. bls. 9–10 í stefnu, að því er varðar umrædda tvo lánessamninga. Sameiginlega miða I. dómkrafa og málsástæður og lagarök henni til stuðnings, til viðbótar við málsástæður og lagarök stefnanda vegna II. dómkröfu, að því að færa rök fyrir tölulegum

forsendum sem stefnandi leggur til grundvallar fjárkröfu samkvæmt II. dómkröfu. Þegar lítið er til málsástæðna sem fram koma á bls. 11–12 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017 vegna sömu tveggja samninga, þar sem stefnandi hefur gagnstæða aðila stöðu, og með hliðsjón af því að hann hefur leitast við að ná því fram að málin verði sameinuð fyrir dómi, þá verður ráðið að með þessu leitist hann við að að færa fram nýjar málsástæður og lagarök til að undirbyggja málatilbúnað sinn frekar um að endurreikna eigi umrædda tvo lánessamninga á grundvelli þeirra forsendna sem hann leggur upp með.

Þegar bornar eru saman annars vegar málsástæður í stefnu í máli þessu og hins vegar þær sem fram koma í greinargerð í máli nr. E-1819/2017 þá verður ráðið að hið sama sé uppi varðandi II. dómkröfu í máli þessu. Hvað varðar málsástæður til stuðnings efndabótum þá er að mörgu leyti byggt á sömu atriðum á bls. 4–5 í stefnu í máli þessu og fram koma á bls. 7–8 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017, þó ekki að öllu leyti. Neðarlega á bls. 5 í stefnu er til viðbótar vikið sérstaklega að því að stefnandi leggi aðallega til grundvallar enduröflunarverð, en til vara mismun á and virði tækja og eftirstöðvum samninga. Hvað varðar málsástæður til stuðnings skaða bótum á grundvelli almennu sakarreglunnar þá er að mörgu leyti byggt á sömu atrið um á bls. 8–9 í stefnu í máli þessu og fram koma á bls. 6–7 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017. Í stefnu í máli þessu eru þó nokkrar viðbætur sem ekki koma fram í fyrrgreindri greinargerð. Neðarlega á bls. 6 og ofarlega á bls. 7 í stefnunni er til við bótur fjallað sérstaklega um meint vinnubrögð stefnda við meðferð samninganna og uppgjör krafna sem stefnandi byggir á að hafi verið ámælisverð. Þá er á bls. 7 í stefnunni til viðbótar fjallað um einhliða lækkun stefnda á verðmötum sem stefnandi hafnar að eigi rétt á sér auk þess sem á sömu blaðsíðu er umfjöllun af sama toga um að virðisaukaskatti sé ofaukið á kröfur stefnda o.fl. Hvað varðar málsástæður til stuðnings því að samningum verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þá liggur hins vegar fyrir að byggt er á sömu atriðum í stefnu í máli þessu, sbr. bls. 7–8, og fram koma á bls. 9–10 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017.

Hvað varðar málsástæður um uppgjör á grundvelli samninga þá eru efnisatriði í stefnu í máli þessu, sbr. bls. 8-16, að mörgu leyti þau sömu og fram koma á bls. 10–21 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017, þó ekki að öllu leyti og er framsetningin með breyttu sniði. Helsta efnislega viðbótin sem virðist koma fram í stefnunni og er ekki að finna í greinargerðinni er að finna á bls. 9 þar sem stefnandi vísar til þess að hann byggi á 20. gr. samninganna um uppgjör. Að öðru leyti virðist vera nokkuð samræmi á bls. 10–16 í stefnu og bls. 11–21 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017 varðandi einstaka samninga og tölulegar forsendur. Þetta á hins vegar ekki við um samning með auðkennið SFL 025582 en þar er byggt á öðrum fjárhæðum á bls. 14 í

stefnu til hækkunar á gagnkröfu stefnanda (aðalkrafa/verðmat stefnanda) miðað við það sem fram kemur um sama viðmið í sama samningi á bls. 19–20 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017. Þá er að nokkru byggt á öðrum fjárhæðum á bls. 10, 11–13 og 14 í stefnu í tengslum við gagnkröfu (varakröfu/verðmat stefnda) varðandi samninga með auðkennin SFL 018341, SFL 005462, SFL 006501, SFL 006681 og SFL 025582, miðað við það sem greinir um sömu samninga á bls. 11–12, 15–17 og 19–20 í greinargerð í máli nr. E-1819/2017.

Að framangreindu virtu og þar sem stefnandi hefur óskað eftir sameiningu beggja málanna þá ber málatilbúnaðurinn vegna II. dómkröfu þess greinilega merki að með þessu leitist hann við að fara á svig við réttarfarsreglur sem eiga almennt við um gagnkröfu til sjálfstæðs dóms, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Ljóst er að tímafrestur til að höfða gagnsök var liðinn þegar mál þetta var höfðað. Áskilnaður í greinargerð í máli nr. E-1819/2017, um að mál verði höfðað síðar til að sækja eftirstöðvar kröfu, hefur ekki þýðingu í þessu sambandi. Þá er það í raun sami höfuðstóll gagnkröfunnar sem liggur til grundvallar II. dómkröfu í máli þessu og gagnkröfu til skuldajafnaðar í eldra málinu sem sýknukrafan er reist á. Með II. dómkröfu í þessu máli er því ekki verið að sækja sérgreindar eftirstöðvar eða viðbót umfram það sem krafist er í máli nr. E-1819/2017, eins og helst ráða má af orðalagi fyrrgreinds áskilnaðar í greinargerð í hinu eldra máli. Stefnandi er bundinn af málatilbúnaði sínum í máli nr. E-1819/2017. Engar haldbærar skýringar hafa komið fram hjá stefnanda hvers vegna ekki var höfð uppi gagnkrafa til sjálfstæðs dóms í máli nr. E-1819/2017. Þá er með þessu farið gegn meginreglunni um afdráttarlausu meðferð máls. Að auki leiðir þetta til þess að málatilbúnaðurinn í þessu máli er óskýr og nokkuð á reiki og er málið því talsvert vanreifað að þessu leyti. Til viðbótar þessu þá er það mat dómsins að I. og II. dómkrafa stefnanda í máli þessu séu í reynd sama dómkrafan. Enn fremur er það mat dómsins, að þrátt fyrir að orðalag og efni I. og II. dómkröfu í máli þessu sé strangt til tekið ekki nákvæmlega hið sama og dómkrafan um sýknu í máli nr. E-1819/2017, þá sé í reynd um að ræða sömu dómkröfur þar sem allar hinar sömu kröfuréttarlegu forsendur liggja til grundvallar kröfunum og höfuðstóll fjárkröfunnar er hinn sami í báðum málunum. Þá samrýmist þetta einnig því sem tekið er fram hjá stefnanda í niðurlagi þriðja tölu liðar í matsbeiðni á dómskjali nr. 26. Að þessu virtu er í reynd með I. og II. dómkröfu verið að gera dómkröfu í þessu máli sem þegar er höfð uppi í máli nr. E-1819/2017. Hið síðarnefnda mál var þingfest áður en mál þetta var þingfest. Mála tilbúnaður stefnanda í máli þessu er því í andstöðu við 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 og gengur gegn tilgangi og þeim meginreglum sem lagareglunni er ætlað að standa vörð um.

Hvað varðar III. dómkröfu þá er um að ræða 180 milljóna króna skaðabóta kröfu, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Í umfjöllun á bls. 16 í stefnu um sundurliðun kröfunnar o.fl. er tekið fram að tjón stefnanda nemi að minnsta kosti 150 milljónum króna og að hann sé *enn að verða fyrir tjóni vegna athafna stefnda*. Stefnandi hefur tekið fram að krafan sé ekki endanleg. Þegar litið er til matsbeiðni á dóm skjali nr. 26 þá verður ráðið að matsgerð, sem til stendur að afla á grundvelli beiðninnar, sé ætlað að verða burðarásinn í sönnunarfærslu stefnanda og renna stoðum undir málatilbúnað hans hvað varðar meint 150 milljóna króna tjón, auk hugsanlegs 30 milljóna króna tjóns til viðbótar, allt vegna tekju- og hagnaðarmissis, missis á verkefnum, getu til að afla nýrra verkefna, möguleika stefnanda til þátttöku í útboðum á vegum ríkisins og vegna hnekkis á orðsperi. Eru það sömu atriði og fram koma í málsástæðum með dómkröfunni. Matsbeiðnin er hins vegar ekki af mörkuð í tíma varðandi umfang og andlag matsins, einkum hvað varðar lokatímamark meintra tjónsatvika, né heldur hvaða nýju verkefni eða hvaða útboð um er að ræða. Sami ágalli er uppi í stefnunni. Að þessu virtu er ekki ljóst hvaða tjónsatvik um er að ræða, hvenær, hvar og með hvaða hætti þau áttu sér stað og/eða hvort þau eigi enn eftir að koma fram. Þá verður ráðið af stefnu að lögskipti við Vegagerðina o.fl. tengist mjög meintum tjónsatvikum og því fer fjarri að þeim atriðum sé gerð nægjanleg skil í stefnunni eða öðrum gögnum málsins. Málatilbúnaður stefnanda er því verulega vanreifaður að þessu leyti og ósamrýmanlegur meginreglunni um afdráttarlausu meðferð máls. Þessu til viðbótar eru þau gögn sem liggja til grundvallar dómkröfunni fremur takmörkuð á þessu stigi málsins og er óljóst hvort og þá hvaða gögn verða lögð fram til viðbótar til að styðja við kröfuna. Þegar litið er til stefnunnar í heild þá liggur einnig fyrir að reifun á málsatvikum, málsástæðum og lagarökum taka að mjög litlu leyti til III. dómkröfu. Neðarlega á bls. 2 í stefnu er aðeins stuttlega fjallað um málsatvik vegna þeirrar kröfu. Í umfjöllun neðst á bls. 5 og efst á bls. 6 í stefnu um málsástæður og lagarök í tengslum við efndabætur er með mjög takmörkuðum hætti vikið að þessum þætti málsins. Þá er enga umfjöllun um þessa dómkröfu að finna í málsástæðum og lagarökum varðandi skaðabótakröfu, sbr. bls. 6–7 í stefnu. Hið sama á við um málsástæður og lagarök varðandi það að víkja samningum að hluta til hliðar, sbr. bls. 7–8 í stefnu. Í raun er helsta umfjöllun um þennan þátt málsins að finna á bls. 16 í stefnunni en sú umfjöllun er því marki brennd að hún er mjög takmörkuð og fyrst og fremst af almennum toga. Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat dómsins að málatilbúnaður stefnanda varðandi III. dómkröfu samrýmist ekki nægjanlega fyrrgreindri meginreglu um afdráttarlausu málsmeðferð né heldur áskilnaði um glöggan og skýran málatilbúnað í stefnu og að nauðsynleg gögn séu lögð fram þegar við þingfestingu máls, sbr. e-, f- og g-liði 1. mgr. 80. gr.

og 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991. Þá eru framangreindir annmarkar á málatilbún aði stefnanda mjög til þess fallnir að torvelda efnislegar varnir stefnda og gera dóm ara erfitt um vik að leggja dóm á sakarefni málsins, sbr. 1. mgr. 96. gr. og 1. mgr. 99. gr. sömu laga.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að vísa verði málinu frá dómi af sjálfsdádum.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir eftir atvikum og umfangi málsins hæfilega ákveðinn 400.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdádum.

Stefnandi, Heflun ehf., greiði stefnda, Landsbankanum hf., 400.000 krónur í málskostnað.

Daði Kristjánsson